

## Fundargerð fjallskilanefndar Eyja og Miklaholtshrepps 1. September 2014 haldinn að Breiðabliki.

Mættir. Svanur Guðmundsson, Halldór Jónsson, Sigurbjörn Magnússon, Guðbjartur Gunnarsson og Eggert Kjartansson sem boðaði til fundarins.

Eggert setti fund og óskaði eftir tilnefningum um formann. Stungið var upp á Svani sem kosinn var formaður og tók við fundarstjórn.

1. Mál. Ákveðin tilhögun fjallskila. Eftirfarandi var ákveðið á grundvelli fjárfjölda Fjallskilaskildar eru 1839 kindur, eða um 47 fullorðnar kindur á bak við dagsverkið. Einungis eru lögð á dagsverk vegna útrétta, réttaviðgerða og eyði eða búlausra jarða sem eiga fjallendi. Lagt er 1 dagsverk á eigendur slíkra jarða en önnur dagsverk lögð á fjáreigendur sem eiga fé sitt á fjalli. Ábúendur jarða skulu að öðru leiti smala sín heimalönd og koma óskilafé í tæka tíð til réttar eða í safngirðingar. Því er treyst að landeigendur/ábúendur leysi ofangreind verk vel og samviskusamlega af hendi og stuðli þannig að því að fé komist í hendur réttra eigenda.
2. Mál. Bréf frá Ásbirni Pálssyni varðandi Þverárétt.

Samþykkt að breyta réttartímanum til samræmis við óskir Ásbjarnar og flýta henni til 10:30. Réttarstjóra falið að leita lausna á öðrum þáttum bréfsins í samráði við Ásbjörn.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.